

Alþingi
Erindi nr. P 135 / 1369
komudagur 12.2.2008



Akureyrarbær
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 7. febrúar 2008
2008020021 / 01-106-05

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 7. febrúar 2008 gert eftirfarandi bókun:

**"Tillaga til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri.
2008020021 / 01-106-05**


Erindi dags. 29. janúar 2008 frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri, 44. mál.

Bæjarráð Akureyrar tekur heils hugar undir þingsályktunartillögu um staðsetningu björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri. Með staðsetningu þyrlu á Akureyri er öryggi sjófarenda á hafsvæðinu fyrir norðan og austan land aukið til muna. Auk þess gegna þyrlur Landhelgisgæslunnar nú mikilvægu hlutverki við björgun á landi og þar getur fjarlægð frá slysstað ráðið úrslitum um það hvernig til tekst. Á Akureyri er góð reynsla af sjúkraflutningum og FSA er varasjúkrahús landsins. Það er því ljóst að hér er gott bakland til að styðja við þessa starfsemi.

Bæjarráð skorar því á alþingismenn að styðja þingsályktunartillöguna og ríkisstjórnina að koma henni til framkvæmda."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
f.h. bæjarstjóra


Sólveig Gunnarsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 135/1479
komudagur 19.2.2008

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 18. febrúar 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri**, 44. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings lýsir yfir eindregnum stuðningi við tillöguna. Um er að ræða mikið öryggis- og réttlætismál fyrir íbúa, vegfarendur og sjófarendur norðan- og austanlands. Á aðalfundum Eyþings og í einstökum sveitarstjórnnum hefur ítrekað verið ályktað um nauðsyn þess að þyrlubjörgunarsveit verði staðsett á Akureyri.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/1307

komudagur 4.2.2008

Reykjavík 4. febrúar 2008.

**Nefndsvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurbæti 8-10
150 Reykjavík.**

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyrir, 44. mál.

Vísa til ályktunar frá þingi FFSÍ sem er mjög í anda þessarar tillögu.

Ályktun um að þyrlufloti LHG nýtist öllum landsmönnum

43. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, haldið í Reykjavík 29. og 30. nóvember 2007, beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að þau ásamt stjórnendum Landhelgisgæslu sjái til þess að staðsetja þyrluflota gæslunnar þannig að notagildið nýtist öllum landsmönnum, enda verði fjármunir til starfseminnar tryggðir án þess að fjárframlög til annarra starfa LHG verð skert.

F.h. FFSÍ


Árni Bjarnason



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/IS32
komudagur 22.2.2008

LHG/015/9,6/ DS/sig
Reykjavík 20. febrúar 2008


Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um þingsályktunartillögu um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri, 44. mál.

Landhelgisgæslan hefur undanfarin 1-2 ár unnið í samvinnu við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að stækkun þyrlubjörgunarsveitar og breytingu á fyrirkomulagi flugdeildar í ljósi þess að Bandaríkjamenn ákváðu að fara með þyrlubjörgunarsveit og annað herlið frá Íslandi. Þetta hefur verið krefjandi verkefni og tekist ágætlega.

Húsnæðis- og aðstöðumál flugdeildar Landhelgisgæslunnar eru í endurskoðun í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stefnt er að því að keyptar verði öflugar þyrlur fyrir Landhelgisgæsluna í stað leiguþyrlna sem stofnunin hefur til umráða í dag. Allt miðast að því að efla og styrkja þá grunnþjónustu sem ákveðið hefur verið að sinna fyrir alla landsmenn.

Landhelgisgæslan hefur að ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins farið yfir kosti og galla þess að hafa þyrlu á Akureyri eða annars staðar utan höfuðstöðva þyrlusveitarinnar og er málið enn til athugunar í samráði við ráðuneytið, sem mun væntanlega kynna niðurstöður málsins.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands.


Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.



Allsherjarnefnd Alþingis
Selma Haflíðadóttir, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2008

Tilv. 40.13
MK/JP/gg


Landspítali (LSH) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri, 44. mál.

Í greinargerð með ályktuninni er gerð grein fyrir mikilvægi þyrlubjörgunarsveitar á Akureyri við jöfnun á öryggi sjófarenda á leiðum umhverfis landið. Einnig er bent á hlutverk þyrlusveitar við sjúkraflutninga.

Við núverandi aðstæður er læknisfræðileg forsjá og ábyrgð með starfsemi neyðarlínu, sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu, sjúkraflutningaþætti þyrluþjónustu Landhelgisgæslunnar og starfræksla greiningarsveitar í almannavarnarútkalli hjá slysa- og bráðasviði Landspítala. Sjúkraflug með hefðbundnum flugvélum er starfrækt frá FSA og er læknisfræðileg ábyrgð og forsjá hjá FSA. Þyrlur eru lágflugstæki sem hafa takmarkaða fluggetu sem miðast m.a. við birtustig og veður. Það er því ekki óalgengt að þyrla sem kvödd er á vettvangi fyrir norðan land þurfi að þræða strandlengjuna og jafnvel taka eldsneyti á leið sinni til björgunarstarfa fyrir norðan heiðar.

Í ljósi þess sem að framan getur er mikilvægt frá sjónarhorni jöfnunar á heilbrigðisþjónustu landsmanna (sbr. heilbrigðislag) að þyrla sé staðsett á Akureyri. Um skipulag og skiptingu landsins í þjónustusvæði þarf að fjalla nánar en nýlega hefur nefnd um skipulag sjúkraflutninga á Íslandi, á vegum heilbrigðisráðuneytis, lokið störfum og bar málið á þar góma. Það er ljóst að auk flugrekstrarkostnaðar vegna slíkrar þjónustu á Akureyri (væntanlega umtalsverður) þarf aukningu í mannhaldi á FSA til að unnt sé að standa undir lágmarks þjónustu lækna og/eða annarra heilbrigðisstarfsmanna í slíkri áhöfn. Mikilvægt er að starfsemi þeirrar þjónustu sem hér er fjallað um og læknisfræðileg forsjá og ábyrgð sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu verði samþætt eins og hefur verið fjallað um í framangreindri skýrslu vinnuhóps á vegum heilbrigðisráðuneytis.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1453
komudagur 18.2.2008

Nefndasvið Alþingis,
Allsherjarnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 13. febrúar 2008.


**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þyrlubjörgunarsveit á Akureyri,
Þskj. 44 – 44.mál.**


Okkur hefur borist til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar.

Við styðjum heilshugar að þyrla verði staðsett á landsbyggðinni. Á aðalfundi LÍÚ í október 2007 var samþykkt ályktun þar sem því var fagnað hversu mjög þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæslu Íslands hefur vaxið fiskur um hrygg og hversu öflug sveitin væri orðin. Í ályktuninni sagði einnig: “Fundurinn beinir því til ríkisstjórnarinnar að staðsetja þyrlu úti á landi sem mun þannig staðsett auka ennfrekar á öryggi og margfalda þjónustugetu sveitarinnar.”

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna


Vilhjálmur Jens Arnason aðstoðarframkvæmdastjóri.



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/1506
komudagur 21.2.2008

Reykjavík 19. febrúar 2008.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um björgunarþyrlu á Akureyri, 44. mál.

Á fundi formanna aðildarféлага Sjómannasambands Íslands, sem haldinn var dagana 26. og 27. október síðastliðinn var ályktað um það efni sem þingsályktunartillagan fjallar um. Ályktunin sem samþykkt var á fundinum hljóðar þannig:

„Ályktun um staðsetningu þyrlubjörgunarsveitar á Akureyri.

Formannafundur Sjómannasambands Íslands, haldinn á Akureyri 26. og 27. október 2007, skorar á Alþingi að taka þá ákvörðun að björgunarþyrlusveit hafi aðsetur á Akureyrarflugvelli. Fundurinn bendir á það mikilvæga öryggisatriði að þyrlubjörgunarsveit verði staðsett þar um leið og starfsemi Fjórdungssjúkrahússins verði efl. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir norðan- og austanvert landið og hafsvæðið út af því, enda um stórt svæði að ræða og getur nálægð við þyrlubjörgunarsveit skipt miklu máli á ögurstund.“

Í ljósi framangreindrar ályktunar styður Sjómannasamband Íslands þingsályktunartillöguna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1480
komudagur 19.2.2008



SIYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allsherjanefnd Alþingis

Varðandi umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um þyrlubjörgunarveit á Akureyri, 44. Mál.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á landsþingi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldið var í Reykjanesbæ í maí sl.:

Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar, haldið á Suðurnesjum 18.-19. maí 2007 hvetur Dómsmálaráðuneytið og Landhelgisgæslu Íslands til þess að tryggja staðsetningu björgunarþyrlu annarstaðar en á suðvesturhorni landsins.

Slysavarnafélagið Landsbjörg tekur ekki afstöðu hvort sveitin verði á Akureyri, Eigilstöðum eða á Höfn.

Gunnar Stefánsson

Sviðsstjóri björgunarviðs.